

## Fundargerð stjórnar Félags kvenna í atvinnulífinu (FKA)

**Staður:** Teams

**Dagsetning:** 7. október 2020

**Tími:** 12:00 til 13:30

**Mættar** voru stjórnarkonurnar:

Hulda Ragnheiður Árnadóttir (HRÁ), Margrét Jónsdóttir Njarðvík (MJN), Ragnheiður Aradóttir (RA), Sigríður Hrund Pétursdóttir (SHP), Unnur Elva Arnadóttir (UEA), Vigdís Jóhannsdóttir (VJ), Áslaug Gunnlaugsdóttir (ÁG) sem og framkvæmdastjóri félagsins Andrea Róbertsdóttir (AR).

**Dagskrá** fundarins var sem hér segir:

1. Dagskrá stjórnarfundar
2. Starfsreglur stjórnar
3. Starfs- og vinnureglur landsbyggðadeilda
4. Samstarf við Torg
5. Jafnvægisvogarráðstefna 14. október
6. Sýnileiki í takt við nýja tíma
7. Viðurkenningarhátíð (dómnefnd)
8. Fjármál FKA
9. Önnur mál

a)Starfsemi í nefndum (s.s. útgáfunefnd og New Icelanders)

Formaður stjórnar, Hulda Ragnheiður, setti fundinn og bauð fundarkonur velkomnar. Engar athugasemdir bárust frá stjórnarkonum varðandi boðun fundarins, afhendingu fundargagna eða annað. Ritun fundargerðar var í höndum ÁG.

### 1. Dagskrá stjórnarfundar

Hulda Ragnheiður fór yfir dagskrá fundarins.

### 2. Starfsreglur stjórnar

HRÁ varpaði fram á skjáinn drögum að starfsreglum stjórnar. Umræður fóru fram um drögin. HRÁ falið að uppfæra reglurnar, samþykkja breytingarnar og senda reglurnar á stjórnarkonur til undirritunar.

### 3. Starfs- og vinnureglur landsbyggðadeilda

Stjórnarkonur staðfestu fyrirliggjandi starfs- og vinnureglur landsbyggðadeilda sem settar voru á árinu 2018/2019. Reglurnar skulu gilda þangað til þeim verður breytt. ÁG falið að yfirfara starfsreglurnar með tilliti til orðalags.

### 4. Samstarf við Torg

AR fór yfir stöðuna á fyrirhuguðu samstarfi við Torg vegna FKA hátíðarinnar 2021. Torg hefur verið mjög áhugasamt um að koma að hátíðinni.

HRÁ og AR áttu fund með Birni Víglundssyni forstjóra Torgs þar sem grundvöllur mögulegs samstarfs var til umræðu. Torg lýsti yfir áhuga á að FKA hátíðin yrði haldin sem sjónvarpsþáttur að þessu sinni í ljósi heimsfaraldurs kórónuveiru. Hátíðin yrði ekki kostnaðarsöm fyrir FKA en lögð yrði áhersla á glæsilega hátíð. Um yrði að ræða pródúseraðan sjónvarpsþátt. Það á eftir að koma í ljós hvort mögulegt verði að leyfa áhorfendum að vera viðstöddum. Torg er sveigjanlegt hvað það varðar.

Ákveðið að næsta skref yrði að AR, ÁG og SH fundi með Torg til að ræða næstu skref vegna samstarfsins.

AR greindi frá því að hún hefði rætt við sölustjóra Torgs um samstarf við FKA og hafði ýmsar hugmyndir fram að færa.

Stjórnarkonur fjölluðu um að vegna síðustu FKA hátíðar hafi verið gagnrýnt að verðskráin í FKA blaðinu sem birtist í Fréttablaðinu hefði miðast við stór fyrirtæki. Torg tók vel í að verðskráin myndi líka taka mið af minni fyrirtækjum að þessu sinni.

## 5. Jafnvægisvogarráðstefna 14. október

RA greindi frá því að vegna Covid-19 hefur verið ákveðið að fresta ráðstefnunni til 12. nóvember nk. með fyrirvara um að aðilar á mælendaskrá komist. RA greindi frá því að undirbúningur gengi mjög vel og að 100 undirskriftir væru komnar. Mikill metnaður væri fyrir verkefninu og Thelma verkefnastjóri ætti hrós skilið fyrir hversu margir hafi gengið til liðs við verkefnið. Sennilega þyrfti að hugsa ráðstefnuna upp á nýtt í ljósi Covid 19.

## 6. Sýnileiki í takt við nýja tíma

VJ og RA vinna að skipulagningu Sýnaleikadagsins. VJ verður í forsvari fyrir verkefninu og RA verður henni til aðstoðar. Bráðlega verða kynntar til sögunnar þær félagskonur í FKA sem hafa gefið kost á sér í undirbúningsnefnd viðburðarins.

## 7. Viðurkenningarhátíð (dómnefnd)

Stjórn ræddi tillögur með hvaða hætti heppilegast væri að skipa í dómnefnd vegna FKA viðurkenningarhátíðar. Venjan væri sú að dómnefnd hafi verið valin og kynnt í lok október. Þá hefur venjan verið sú að stjórnarkonur tilnefni í nefndina.

AR, ÁG og SH falið að yfirfara nafnalista og setja fram tillögur að nöfnum í dómnefnd. Jafnframt komi stjórnarkonur með tillögur að nýjum nöfnum. Að því búnu verði dómnefnd valin og kynnt.

Ákveðið að óska eftir tilnefningum frá félagskonum í dómnefnd vegna hátíðarinnar. SH mun útbúa tilnefningarform sem kynnt verður fyrir félagskonum.

## 8. Fjármál FKA

AR upplýsti stjórnarkonur um stöðuna á fjármálum félagsins. Staðan væri sú að tæplega 800 félagskonur hafa greitt félagsgjöld, en iðgjöld 400 kvenna eru enn ógreidd.

Vegna Jafnvægisvogar hafa 2.5 mkr. þegar verið greiddar en eftir á að fá sömu fjárhæð greidda frá ráðuneytinu. Þá á eftir að berast greiðsla frá Sjóvá vegna samstarfssamningsins.

Eftir er að greiða Leiðtoga-auði og AFKA þá fjárhæðir sem þær eiga inni.

AR greindi frá því að hún hafi fundað með fulltrúum Húss atvinnulífsins tengt viðræðum um lækkun húsaleigu. Útlit er fyrir að samningar náist um lækkun á kostnaði vegna þrifa. Þá hafi nokkur fyrirtæki farið fram á breytingar á greiðslum félagsgjalda vegna Covid-19.

Stjórnarkonur ræddu möguleika þess að leita til sterkra bakhjarla til að styðja við bakið á félaginu á þessum erfiðu tímum.

## 9. Önnur mál

### a) Starfsemi í útgáfunefnd

Mannlíf hefur áhuga á að fá greinar frá FKA konum til birtingar vikulega. Fækkað hefur verulega í útgáfunefnd, en aðeins ein af þeim sem buðu sig fram í nefndinni er í aðstöðu til að taka að sér verkefni. Olga Björt Þórðardóttir hefur tekið að sér að safna efni og prófarkarlesa fyrir Mannlíf en ekki er gert ráð fyrir annarri starfsemi í útgáfunefndinni að sinni.

### b) New Icelanders

Rætt var um óskir kvenna úr FKA New Icelanders um að efni sem birt væri á síðum FKA yrði einnig aðgengilegt á ensku. Þetta var rætt áður en New Icelanders var stofnað og þá kom skýrt fram hjá formanni að það væri ekki mögulegt að vera með FKA á tveimur tungumálum á meðan einn starfsmaður sinnti allri þjónustu við félagskonur. Það var því tekin ákvörðun um að ekki yrðu breytingar á því af hálfu skrifstofu en samvinna við FKA New Icelanders um að birta efni sem þær myndu taka að sér að þýða væri mjög vel þegin.

### c) Umsögn um frumvarp til laga um fæðingar- og foreldraorlof

Stjórn fKA staðfesti að senda inn í samráðsgátt umsögn við fyrirliggjandi frumvarp til laga um fæðingar- og foreldraorlof.

---

Fleira var ekki gert.

Fundi sliti kl. 13:30. Fundargerð þessi var samþykkt af stjórnarkonum.